

Sþ.

239. Tillaga til þingsályktunar

[117. mál]

um athugun á samdrætti í iðnaði.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ingvar Gíslason, Einar Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram í samráði við Félag íslenzkra iðnreknda og fulltrúa iðnverkafólks athugun á samdrætti, sem orðið hefur í ýmsum iðngreinum að undanfornu. Athugun þessi skal beinast að því að finna þær orsakir, sem samdrættinum valda, og hvaða ráðstafanir megi gera til þess að koma í veg fyrir hann.

Greinargerð.

Verulegur samdráttur hefur orðið undanfarið í ýmsum iðnaði. Nokkur fyrir-tæki hafa alveg hætt rekstri en önnur dregið rekstur sinn saman og fækkað starfsfólk. Margir þeirra, sem þessum málum eru kunnugastir, eins og forvigis-menn iðnreknda og iðnverkafólks, óttast, að þetta haldist áfram, nema gerðar verði sérstakar ráðstafanir til styrktar iðnaðinum.

Ýmsir kunna að segja, að þetta komi ekki að sök, meðan atvinna er næg í landinu af völdum hagstæðs sjávarafla. Enginn veit hins vegar með vissu, hve lengi það kann að haldast. Þjóðinni fjölgar einnig ört. Hér getur orðið skammt til atvinnuleysis, ef iðnaðurinn dregst mikið saman, eins og nú virðast verulegar horfur á.

Af þeim ástæðum, sem að framan greinir, er þessi tillaga flutt. Margar og mismunandi ástæður virðast valda samdrættinum í iðnaðinum. Sagt er, að í viss-um tilfellum sé undirboðum á erlendum iðnaðarvörum um að kenna. Í öðrum til-fellum er um að kenna óhagstæðum lánskjörum og skattakjörum. Eðlilegt er, að það verði athugað til hlítar, hvaða orsakir valda hér mestu og hvernig unnt sé að styrkja samkeppnisstöðu iðnaðarins. Sjálfsgagt er, að Félag ísl. iðnreknda og fulltrúar iðnverkafólks eigi aðild að þessari athugun.